

Ársskýrsla DÍS 2014-2015

Ýmis störf:

Stjórn DÍS hélt 12 vanabundna stjórnarfundi á starfsárinu auk fjögurra vinnufunda um atburði sem haldnir voru. Stjórnarfundir eru að jafnaði tveir og hálfur tími, mánaðarlega eða oftar. Við höfum tekið sumarfrí frá stjórnarfundum í júní og júlí og jólafrí í desember.

Við ákváðum fljótlega eftir aðalfund að leita að nýjum starfsmanni á skrifstofu DÍS í 40% stöðu, enda vorum við orðin starfsmannslaus þar sem fyrri starfsmaður hafði gefið kost á sér og verið kjörinn sem ritari í stjórn DÍS á aðalfundi í maí 2014.

Eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar var að setjast yfir vinnu við að veita umsagnir um reglugerðir frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Alls voru yfirlesnar sjö reglugerðir, um hesta, nautgripi, loðdýr, gæludýr, alifugla, svín og loks geit- og sauðfé. Við urðum að samlesa þessar reglugerðir við drögin sem upprunalega komu frá nefndum, þar eð hvergi kom fram hvaða breytingar höfðu verið gerðar á þeim eftir að þær fóru inn í ráðuneytið. Þetta var því mikil yfirlega.

Talsvert var unnið í geldingarmálum grísa, sem geltir voru ódeyfðir enda þótt lög hefðu tekið gildi um áramótin sem bönnuðu það. Var tekist á um þetta, en nú hefur þetta verið aflagt. DÍS gerði athugasemdir við drekkingar á minkum, veiðitímabil hreindýrskúa, beitti sér gegn notkun á beislismélum sem meiddu keppinshesta og fleira tengt velferð hesta, til dæmis fyrirætlunum um að halda „extreme“ hestakappreiðar á Íslandi. Við erum að vinna að álitsgerð með ósk um að ráðherra setji reglugerð, í samræmi við lög um dýravelferð, sem banni innflutning á dýraafurðum sem eru framleiddar við lakara velferðarstig en hér má.

Félagið ættleiddi geit á bænum Háafelli til þess að styrkja viðgang stofnsins og vekja athygli á honum. Geitin fékk nafnið Dís.

Enskt nafn Dýraverndarsambandsins var ákveðið : **IAWA, Icelandic Animal Welfare Association.**

Eftir allnokkra leit að nýjum starfsmanni var ákveðið að fela formanni starfsskyldur starfsmanns og greiða honum 35% laun fyrir, miðað við laun fyrri starfsmanns. Formaður er eftir sem áður ólaunaður við formannsstörf sín. Dæmigerð skrifstofustörf innifela færslu bókhalds, utanumhald á félagaskrá og tölvupóstum, rekstur á húsnæði og önnur praktísk mál. Mikil vinna var uppsöfnuð óunnin er nýr starfsmaður tók til starfa þann 1. nóvember og ákveðið var að greiða tvöföld 35% laun fyrir nóvember og desember til þess að vinna niður uppsöfnuð verkefni allt frá því í maí.

Leki kom upp í húsnæðinu sem þurfti að fá lagað, væntanlega þarf að laga útveggi að ofanverðu á húsinu. Húsið er þrifið mánaðarlega af ræstingarmanneskju. Eftir er að klára að setja upp eldhúsnréttingu, sem til er hér og kaupa í hana uppþvottavél. Einnig þarf að setja upp góða skápa inn á bað fyrir ræstingaráhöld. Dúkurinn á gólfinu er gamall og dapur en nothæfur.

Við tókum þátt í vinnuhóp hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um endurskoðun á vistvænum reglugerðum og lagði DÍS áherslu á að reglugerð þyrfti að vera til um viðmið fyrir vottun dýravelferðar, svo sem varðandi tíðni, hlutleysi o.fl.

100 ára afmæli félagsins.

Haldið var upp á afmæli DÍS síðastliðið sumar, en félagið var þá stofnað fyrir 100 árum, þann 13. júlí árið 1914. Þetta var ánægjulegur viðburður þar sem gestir gæddu sér á kökum og kaffi og minntust þeirra sem stofnuðu félagið. Nafnasaga félagsins er merkileg, en það hét Dýraverndunarfélag Reykjavíkur fyrstu mánuðina, Dýraverndunarfélag Íslands frá fyrsta aðalfundi og ríflegu næstu fimmtíu árin, var síðan skipt upp í Dýraverndunarfélag Reykjavíkur og Samband Dýraverndunarfélaga Íslands næstu þrjátíu ár eða svo og loks sameinað aftur undir núverandi nafni. Þetta er talsverð saga, en gögn um þetta eru í aðalfundargerðum og saga félagsins er óslitin þótt nöfnin hafi verið breytileg.

Skammstafanir nafna félagsins:

DR: 1914 - 1915

DÍ: 1915 - 1956

DR&SDÍ: 1956 - 1996/7

DÍS: 1996/7 - ...

En þess má geta að skammstöfunun DÍS var samþykkt á aðalfundi félagsins 2013 að tillögu stjórnar, en ákveðið var að nota ekki hina gömlu skammstöfun, DÍ, þar eð Dýralæknafélag Íslands hafði þá notað hana um langt árabíl – var þetta að valda talsverðum ruglingi. Þess má geta að lógó Dýralæknafélagsins er skammstöfunin „dí”

DÍS skipaði á árinu fulltrúa sinn í fagrað um velferð dýra og afhenti erindisbréf.

Lógó og einkaleyfi

Unnið var að gerð lógós (myndmerkis) fyrir félagið og ákveðið að nota gamla hestinn okkar sem var og er enn utan á tímariti félagsins.

DÍS hefur fengið einkaleyfi á að nota bæði gamla lógó tímaritsins Dýraverndarans og hið nýja með útgáfu ritaðs efnis.

Hér má sjá skjáskot af merkjum tímaritsins:

Gamla merkið:

	Umsókn	Birting	Skráning	Gildir til dags.
NR.	2595	1501	19	
Dags.	26.09.2014	15.01.2015	05.01.2015	05.01.2025

Mynd



Nýja merkið á tímaritinu, en hesturinn góði var notaður áfram og hann dreginn upp af útlínunum hins gamla:

	Umsókn	Birting	Skráning	Gildir til dags.
NR.	2594	1501	18	
Dags.	26.09.2014	15.01.2015	05.01.2015	05.01.2025

Mynd



Jafnframt fékk DÍS einkaleyfi á að nota orðmerkið „Dýraverndarinn“. Fyrir höndum er vinna við frekari verndun á notkun þessa merkja, en félagið hefur skyldur og ábyrgð gagnvart sögu tímaritsins og hlutverki þess og getur ekki annað en axlað hana til fulls.

Það blasti við að rétt væri að nota hestinn sem fylgt hefur félaginu svo lengi einnig í lógó sjálfs félagsins. Við höfum mikið dálæti á þessum hesti og köllum hann í raun Dýraverndarann.

Hér má sjá fyrstu útfærslu á lógói félagsins okkar:



Hugmyndin er að hægt sé að skipta um texta í neðri hluta merkisins þar sem ártalið er að finna, til dæmis vegna viðburða, málþinga, aðalfundar og fleira. Eftir er að fínvinna merkið.

Viðburðir á vegum félagsins og í húsnæði þess:

Félagið hélt málþing um auðgandi áhrif dýra í nóvember og þar höfðu framsögu dýraatferlisfræðingur, dýralæknir, bóndi og fulltrúi Dýrahjálpar Íslands. Formaður DÍS opnaði þingið. Á málþinginu var farið yfir þá hlið mála sem snýr að góðum áhrifum dýra á velferð manna, en vel kom fram að gagnkvæmur hagur er á sambandi manna og dýra þar sem vel fer á því. Málþingið var auglýst og máttu allir dýravínir sækja það, félagar í DÍS, sem aðrir.

Í desember var haldinn að frumkvæði eins félaga DÍS kvöldlestur á bókinni Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson og skiptust dýravínir þar á að lesa hver sinn kafla úr þessari mögnuðu bók.

Í febrúar tók Dýraverndarsambandið þátt í ráðstefnu um dýravelferð í samvinnu við og að forgöngu MAST, en kynntar voru nýútkomnar reglugerðir um búfé. Einnig tóku þátt í ráðstefnunni BÍ, DÍ, LBHÍ og fleiri.

Í mars fengum við heimsókn frá líffræðinimum í Háskóla Íslands og héldum fyrirlestur og áttum samtál við þá um starfsemi okkar og hlutverk. Þetta var gert í samvinnu við fulltrúa frá Dýrahjálpar Íslands, sem fræddi nemana um starfsemi síns félags.

Í apríl var haldin athöfn þar sem Dýraverndari ársins var valinn, auk þess sem félagið styrkti tvö málefni þar sem unnið er að bætingu á velferð dýra. Við teljum þörf á að efla samtál um velferð dýra. Við teljum að það verði fremur gert með því að fólk gangi sjálfsprottið til liðs við málefnið, en að áróður hafi fremur fráfælandi áhrif. Athöfn eins og þessi er í anda þess fyrrnefnda. Við vonum að nafnbótin verði til þess að fólk íhugi dýravernd og dýravelferð.

Til að vanda til útfærslu fjárstyrkja er miðað við að fé fari ekki beint til einstaklinga, heldur beint til þess verkefnis sem um ræðir. Geta þessir aðilar þá ýmist lagt til kvittanir fyrir beinum útlögðum kostnaði eða vísað þangað sem kostnaður verður til, t.d. hjá dýralækni, stofnun, vegna kaupa á búnaði, við öflun dýrafóðurs o.s.frv., eftir því sem við á.

Þrjú félög hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði DÍS til að halda stjórnarfundum sína. Þetta er í samræmi við lög DÍS um að stuðla að málefnalegri umræðu um velferð dýra og styðja þannig við starf dýravína. Þetta eru félögin Villikettir, Félag ábyrgra hundaeigenda og loks Dýrahjálpar Íslands, en þessir aðilar hafa sóst eftir aðstöðu.

Í haust er fyrirhugað að fara til Danmerkur og heimsækja Dyrenes Beskyttelse, sem

eru systursamtök Dýraverndarsambandsins þar í landi. Okkur langar til að skoða möguleikann á að votta velferð búfjár á Íslandi til þess að auka sem best líkur á að velferð þeirra verði höfð betur í öndvegi og hvati sé til þess. Við teljum þetta brýnt velferðarmál og vonum að þetta geti verið raunhæf nálgun hér. Í Danmörku er rík hefð fyrir slíkri vottun Dyrenes Beskyttelse og hefur haft áhrif á líf búfjár þar. Við höldum áfram að stuðla að samtali um velferð dýra og beita okkur í einstaka málum varðandi hag þeirra.

Reykjavík í maí 2015

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands